



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Zoom 6.apríl 2021 kl. 19:30

Mætt: Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Halldór Hauksson (HH), Fylkir Jónsson (FJ), Baldvin Hansson (BH), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Árni Gunnlaugsson (ÁG), Aðalsteinn Símonarson (AS), Einar Gunnlaugsson (EG),

Fjarverandi: Aron Steinn Guðmundsson (ASG),

HRR, BH ritaði fundargerð.

1. AKÍS skipar í keppnisráð og öryggisráð

Fulltrúar AKÍS í keppnisráðum frá og með deginum í dag eru:

Drift: Aron Steinn G

Spyrna: Halldór Hauksson

Ekki verður skipaður fulltrúi AKÍS í keppnisráð í Rally að svo komnu máli

Rallycross: Gunnar Bjarnason

Torfæra: Ragnar Róbertsson

Hringakstur: Baldvin Hansson

Fulltrúar AKÍS í öryggisráði frá og með deginum í dag eru:

Aðalsteinn Símonarsson

Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir

Elsa Kr Sigurðardóttir

Ari Halldór Hjaltason

Erla Sigríður Sigurðardóttir

Formaður mun kanna möguleikann á að bæta við einum aðila í ráðið með þekkingu á spyrnugreinum.

2. Öryggisbúr

Lögð fram drög að vinnureglum um öryggisbúraskoðun. Stjórn fjallaði um drögin og samþykkti. Formanni falið að birta reglurnar.

3. Skýrsla öryggisfulltrúa

Kynnt sniðmát fyrir skýrslu öryggisfulltrúa sem nýtist við skil í lok keppni. Öryggisfulltrúm verður kynnt sniðmátið og skýrslufyrirkomulagið.

4. Reglugerð um keppnishald

Reglugerðin rædd og tillaga að endurskoðaðri útgáfu verður kláruð og lögð fyrir stjórn aftur til lokasamþykktar.

5. Úttektir keppnissvæða – gildi gagnvart heimild til notkunar



Umræða um brautarskoðanir, tilgang þeirra og fyrirkomulag. Lögð drög að ferli sem gæti leitt til bættrar innlendra þekkingar á öryggis- og keppnishæfisúttektum keppnissvæða.

6. Aldursmörk í rally

Umræða um lagaumhverfi og forsendur reglugerða aldursmarka í akstursíþróttum. Stjórnin telur ástæðu til að fá staðfestingu á heildar túlkun 21. greinar reglugerðar 507/2007.

7. ÍSÍ þing 7. - 8. maí

Helga Katrín Stefánsdóttir og Hanna Rún Ragnarsdóttir fara fyrir hönd AKÍS. Stjórn felur formanni að manna önnur sæti AKÍS eftir atvikum eða þörfum.

8. Önnur mál

Formanni falið að senda ábendingu til keppnishaldara um að vanda val skoðunarmanna með tilliti til þekkingar þeirra á persónulegum öryggisbúnaði hvernar greinar og útbúnaði ökutækja eftir atvikum.

Fyrirspurn BÍKR um hvort óskráð ökutæki geti ekið sérleið í rally keppni. Formanni falið að fá staðfesta túlkun viðeigandi yfirvalda á gildandi reglum og senda formlegt svar til BÍKR.

Næsti fundur 20. apríl kl. 19:30.

Fundi slitið kl. 21:38